

Athugasemdir varðandi tillögu af breytingu á deiliskipulagi Mýrargötu 21-23.

Við fögnum því að turnar séu lækkaðir og tölvumyndir sýni byggingu í hógværi stíl. Við hörmum það að hlutföll á tölvumyndum sýni ekki hámark leyfilegs byggingarmagns heldur lægri byggingu eins og sést á því að Nýlendugata 26 (skráð sem Bakkastígur 6A á teikningu) er 5,7m á deiliskipulagi á meðan leyfileg hæð undir kross kirkjunnar er gefin upp sem 18m (samsvarar 6 hæða byggingu). Tölvumynd ætti að sýna byggingu sem er rúmlega 3 sinnum hærra en appelsínugula húsið. Þegar manneskjurnar fyrir framan kirkjuna er bornar saman við appelsínugula húsið á Nýlendugötu 26 sést einnig glögglega að mælikvarðinn á innsetningunni er ekki réttur miðað við hámark leyfilegs byggingarmagns.

Vegna þess hversu umfangsmikil og sérstök þessi bygging yrði í umhverfinu biðjum við um, til að hægt sé að taka vel ígrundaða afstöðu til byggingarinnar, að skilað verði inn eftirfarandi gögnum og tillagan af deiliskipulagsbreytingunni auglýst að nýju með þeim.

- Útlitsmynd af Nýlendugötu sem sýnir nærliggjandi núverandi byggingar (í stað kubba) og tillöguna af nýbyggingunum í mælikvarða.
- Útlitsmynd af Mýrargötu sem sýnir nærliggjandi núverandi byggingar og tillöguna af nýbyggingunum í mælikvarða.
- Þrívíddarmyndir með nærliggjandi húsum teknar beint út úr tölvulíkani (ekki Photoshop).
- Álit Minjastofnunar á byggingunum með hliðsjón af því að hún er í nánd við elstu byggingar Reykjavíkur og inn í mjög gömlu byggðamynstri.

Vegna umfangs verksins og áhrifa á umhverfið leggjum við einnig til að það verði skipulagður íbúafundur þar sem tillögurnar eru kynntar og ræddar áður en nýr athugasemdarfrestur rennur út.

Virðingarfyllt,

Birgir Þ. Jóhannsson formaður Íbúaráðs Vesturbæjar

Björn Karlsson

Ekki barst álit frá öðrum nefndarmönnum og fulltrúi Íbúasamtaka Vesturbæjar tilkynnti að þau sendi inn sínar eigin athugasemdir.